Tröllaskagi - TRÖS1A05

Lýsandi heiti áfanga: Frumkvöðlafræði starfsbraut

Framhaldsskólaeiningar: 5

Undanfari: Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Nemendum kynnast afþreyingu í nærsamfélaginu á sviði menningar og lista, náttúru, íþróttum eða annarrar hreyfingar.

Markmið áfangans er að örva sköpunarkraft og auka djörfung nemenda og dug til að kasta sér út í nýjar áskoranir þar sem útkoma er ekki fyrirfram gefin.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum afþreyingar í nærsamfélagi
- hugarflæði við hugmyndavinnu
- mikilvægi góðra skilgreininga á hugmynd og verkefni
- gildi þess að hugsa í lausnum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- virkja hugmyndaflugið

- starfa í hóp þar sem virðing og jákvæð samskipti einkenna ákvarðanatöku
- kynna eigin hugmyndir og verkefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hugsa lausnamiðað
- gera verkáætlun sem hentar því verkefni sem hugmynd er að
- skipuleggja starf í hópi þannig að kraftar hvers og eins nýtist og allir séu sáttir við sinn hlut
- kynna eigin vinnu

Námsmat:
Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Birt með fyrirvara um breytingar